


# Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



*Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum og fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

*Verkalýðsfélag Húsavíkur, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Verkalýðsfélag Öxarfjarðar, Verslunarmannafélag Húsavíkur, Starfsmannafélag Húsavíkur, Þingidn*



## Forsíðumyndin



Jólabærinn Húsavík er orðinn mjög fallegur enda kappkosta bæjarbúar að skreyta bæinn sinn fyrir jólin. Sævar Guðbrandsson og Pétur Pétursson láta ekki sitt eftir liggja og skreyta híbýli sín og nærliggjandi ljósastaura og biðskildumerki. Þeim til aðstoðar á lyftaranum er enginn annar en Benedikt Jónasson sem er með reyndari lyftaramönnum á Íslandi í dag.



Í síðustu viku hélt Verkalýðsfélag Húsavíkur sinn síðasta fund á árinu. Þá kom stjórn félagsins ásamt trúnaðarmannaráði og trúnaðarmönnum félagsins saman til fundar. Í lok fundar voru sungin jólalög og sagðar gamansögur. Að sjálfsgöðu komu jólasveinarnir í heimsókn og vöktu þeir mikla lukku eins og sjá má á myndinni. Á myndinni eru Stekkjastaur og Sigríður K. Gumlaugsdóttir.

## Heilsufarsrannsóknir

### -mikilvægt forvarnarstarf

Sjúkrasjóður Verslunarmannafélags Húsavíkur hefur áveðið að taka upp þá nýbreytni að styrkja þá félagsmenn sem fara í heilsufarsrannsóknir hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.

Í heilsufarsrannsókn felldu félagsmaður fer í viðtal hjá hjúkrunarfræðingi eða heilsugæslulækni og síðan í blóðprufu. Út frá viðtalinu, blóðprufunni og e.t.v. fleiri mælingum fær félagsmaðurinn

upplýsingar um tiltekna þætti í heilsufari sínu. Í framhaldinu getur félagsmaðurinn í samráði við starfsmenn HP fengið góð ráð um viðbrögð við vandamálum eða leiðir til enn betra heilsufars.

Styrkur félagsins nemur allt að kr. 4.000. Heilsufarsrannsókn kostar í dag aðeins um kr. 2.000 og því fær félagsmaður í fullu starfi allan kostnaðinn greiddan.

## Stéttarfélagin styrkja mikilvægar stofnanir á svæðinu

Verkalýðsfélag Húsavíkur gaf nýlega Grunnskóla Raufarhafnar 50 þúsund krónur til kaupa á stafrænni myndavél fyrir skólann. Guðný Hrund sveitarstjóri og Sigríður Margrét skólastjóri tóku við gjöfinni. Svava Árnadóttir stjórnarmaður í Verkalýðsfélaginu afhenti þeim gjöfina ásamt formanni. Sigríður Margrét sagði gjöfina koma að góðum notum og þakkaði kærlega fyrir þann hlýhug sem hér væri sýndur í verki. Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur einnig ákveðið að gefa Heilbrigðisstofnun Þingeyinga 150 þúsund til kaupa á nýju sjúkrarúmi. Þá hafa aðildarfélag Skrifstofu stéttarfélaganna samþykkt að gefa Hvammi, heimili aldraðra 650 þúsund til kaupa á nýju baðkari fyrir heimilisfólkið á Hvammi. Gjafirnar verða afhentar í jólaboði stéttarfélaganna, laugardaginn 18. desember kl. 16:00.



### Verzlunar- og skrifstofufólk:

## Réttur til árlegs launaviðtals

Í kjarasamningi Verslunarmannafélags Húsavíkur við Samtök atvinnulífsins er kveðið á um rétt starfsmanna til að semja um persónubundin laun. Þar segir:

„Við ákvörðun launa milli vinnuveitanda og starfsmanns skulu laun endurspeglar vinnuframlag, hæfni, menntun og færni viðkomandi starfsmanns svo og innihald starfsins og þá ábyrgð sem starfinu fylgir.

Gæta skal ákvæða jafnréttislagla við launaákvæðanir. Leitast skal við að niðurstaða viðtalsins liggja fyrir innan mánaðar.“

Starfsmaður á rétt á viðtali við yfirmann einu sinni á ári um störf sín og hugsanlega breytingu á starfskjörum.

Á Skrifstofu stéttarfélaganna geta félagsmenn nálgast gögn sem gott er að styðjast við í viðtalinu, t.d. kjarasamning og launakannanir verslunarmanna.

## Desemberuppbot

### -Sumarstarfsmenn geta átt rétt

#### Almennur vinnumarkaðurinn

Starfsmenn sem hafa verið í fullu starfi í sama fyrirtæki og eru við störf í lok nóvember skulu eigi síðar en 15. desember fá greidda desemberuppbot kr. 38.500 fyrir verkafólk og iðnaðarmann og kr. 43.700 fyrir verslunar og skrifstofufólk. Starfsfólk í hlutastarfi sem uppfyllir sömu skilyrði skal fá greitt hlutfallslega.

Starfsmaður, sem lætur af störfum á árinu vegna aldurs, veikinda eða eftir 12 vikna starf á árinu hjá sama vinnuveitanda, skal við starfslok fá greidda desemberuppbot miðað við starfstíma og

starfshlutfall á árinu. Starfsmenn sem fara í fæðingarorlof og hafa unnið í a.m.k. eitt ár fá fæðingarorlof, 6 mánuði, metið sem starfstíma við útreikning desemberuppbotar.

#### Starfsmenn ríkis og bæjar

Reglur fyrir desemberuppbot fara í aðalatriðum eftir sömu reglum, þó eru nokkur frávik varðandi þá sem hættir eru störfum. Upphæðin er einnig önnur, t.d. er hún í flestum tilfellum 50% af launum starfsmanna sveitarfélaga, Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og Hvamms.

Allar nánari upplýsingar um desemberuppbot eru veittar á Skrifstofu stéttarfélaganna sími 464-6600.

## Verzlun í heimabyggð - tryggir atvinnu og þjónustu!

ÚTGEFENDUR: Þingjón, félag iðnaðarmanna, Starfsmannafélag Húsavíkur, Verkalýðsfélag Húsavíkur, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Verkalýðsfélag Óxarfjarðar, Verslunarmannafélag Húsavíkur. Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík • Sími 464 6600 • Fax 464 6601 • e-mail: kuti@vh.is • Heimasíða: www.vh.is • ÁBYRGÐARMADUR: Aðalsteinn Á Baldursson. Fréttabréfið er skrifað 12. desember 2004 og gefið út í 2000 eintökum. HÖNNUN OG PRENTUN: Örkin, Húsavík.

## Trúnaðarmannanámsskeið



Stéttarfélagin stóðu fyrir námskeiði fyrir trúnaðarmenn félaganna í desember. Alls tóku 19 trúnaðarmenn þátt í námskeiðinu og komu þeir frá mörgum vinnustöðum. Haukur Harðarsson ásamt starfsmönnum stéttarfélaganna í Þing-

eyjarsýslum voru leiðbeinendur á námskeiðinu. Hluti af námskeiðinu er unninn í hópavinnu og á meðfylgjandi myndum eru trúnaðarmenn að vinna verkefni á námskeiðinu.



Starfsmenntunarsjóður verslunar- og skrifstofufólks:

## Styrkir vegna starfs- og tómstundanáms

Verslunar- og skrifstofufólk sem eru félagsmenn í Verslunarmannafélagi Húsavíkur, Verkalýðsfélagi Öxarfjarðar og Verkalýðsfélagi Þórshafnar, hafa rétt til styrkja úr Starfsmenntunarsjóði verslunar- og skrifstofufólks skv. samþykktum sjóðsins. Veittir eru styrkir vegna eftirtalinnna námskeiða:

**Starfstengd námskeið:** Styrkur 50% af námskeiðskostnaði og 50% af ferðakostnaði. Hámarksstyrkur

kr. 60.000.

**Tómstundanámsskeið:** Styrkur 50% af námskeiðsgjaldi. Hámarksstyrkur kr. 8.000.

Réttur til styrkja er háður því að félagsmenn hafi áunnið sér réttindi (stig). Almenna reglan er sú að félagsmenn ávinna sér eitt stig fyrir hvern mánuð í vinnu.

Allar nánari upplýsingar eru veittar á Skrifstofu stéttarfélaganna s. 464-6600.



Sigurður Jens bóndi í Hvammi í Þistilfirði sést hér gefa fé sínu á garða. Stiggi Jens á afurðasamt og fallegt fé.





# Áriðandi!!!! Starfsmenn sveitarfélaga athugið!

Búið er að ganga frá nýju starfsmati fyrir starfsmenn sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum. Þetta á við um félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur, Starfsmannafélagi Húsavíkur, Verkalýðsfélagi Óxarfjarðar og Verkalýðsfélagi Þórs hafnar. Þar sem raða þarf öllum starfsmönnum inn í nýja launatöflu er mikilvægt að starfsmenn sveitarfélaga fylgist vel með því hvernig eða hvort kjör þeirra breytast. Ljóst er að starfsmatið kemur misjafnlega út fyrir starfsmenn, sumir hækka ekki meðan aðrir hækka um launaflokka. Þessar vikurnar vinna

sveitarfélögin að því ásamt fulltrúum stéttarfélaganna að ganga frá röðun starfa í launaflokka. Líklega verður greitt eftir nýju röðuninni í fyrstu eða annarri útborgun á næsta ári. Starfsmenn sem fá launaflokkahækkanir við starfsmatið fá þær metnar frá 1. desember 2002. Dæmi eru um ákveðna starfshópa innan sveitarfélaga sem fá verulegar leiðréttingar á laun. Rétt er að hvetja starfsmenn sveitarfélaga til að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík vilji þeir fræðast frekar um starfsmatið.

## Sjúkrasjóður Verslunarmannafélags Húsavíkur:

# Ný og bætt réttindi

Á síðasta aðalfundi Verslunarmannafélags Húsavíkur var reglugerð sjúkrasjóðs félagsins breytt nokkuð. Teknar voru inn nýjar bóta- tegundir og nokkrar sem fyrir voru hækkaðar verulega. Frá áramótum standa félagsmönnum til boða eftirfarandi greiðslur úr sjúkrasjóði:

- Sjúkradagpeningar vegna veikinda eða slysa félagsmanns eru kr. 5.000 á dag og greiðast í allt að 130 daga.
- Sjúkradagpeningar vegna veikinda eða slysa barna (launatekjur falla niður a.m.k. 3 samfellda vinnudaga) eru kr. 5.000 á dag og greiðast í allt að 130 daga.
- Sjúkradagpeningar vegna alvarlegra veikinda eða slysa maka eru kr. 5.000 á dag og greiðast í allt að 130 daga.
- Helmingur kostnaðar félagsmanna vegna endurhæfingar eftir veikindi eða slys í NLFÍ Hveragerði, enda framvisi umsækjandi læknisvottorði.
- Helmingur kostnaðar félagsmanna vegna sjúkrabjálfunar.
- Kr. 900 í styrk vegna sjúkranudds sem félagsmaður sækir.

- Helmingur kostnaðar félagsmanna vegna meðferðar hjá sálfræðingi.
- Þátttöku í ferðakostnaði vegna veikinda eða slysa, enda taki Tryggingarstofnun ríkisins ekki þátt í kostnaðnum.
- Útfararstyrkur vegna fráfalls félagsmanns, kr. 70.000-140.000.
- Styrkur til félagsmanna sem eignast börn eða ættleiða, kr. 84.000 fyrir mæður og kr. 40.000 fyrir feður.
- Styrkur allt að kr. 4.000 vegna krabbameinsskoðunar eða heilsufarsrannsóknar (Hjartavernd).
- Styrkur vegna heilsuræktar kr. 8.000 á ári.

Hafa ber í huga að framangreindir styrkir eru miðaðir við starfsmenn í fullu starfi og flestir þeirra greiðast í hlutfalli við starfshlutfall félagsmanns. Þeir sem hættir eru störfum og t.d. komnir á eftirlaun eiga einnig rétt á þeim styrkjum sem eru ekki beint tengdir þátttöku á vinnumarkaði, s.s. vegna sjúkranudds og sjúkrabjálfunar.



Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum bafa undanfarið fundað með starfsmönnum sveitarfélaga vegna mótunar kröfugerðar þar sem samningar eru lausir eftir áramót og þá befur nýja starfsmatið einnig verið til umræðu. Á myndinni eru starfsmenn Þórs hafnarbrepps að ræða um starfsmatið og komandi kröfugerð.



Sigrún Marinósdóttir starfsmaður á skrifstofu Aðalvælabrepps er ein af þeim starfsmönnum sveitarfélaga sem þessa dagana vinnur að því að raða starfsmönnum sveitarfélagsins í launatöflu samkvæmt nýja starfsmatinu.

## Hefur þú greitt lágmarksgjaldið?

AUGLÝSING

Rétt að benda þeim einstaklingum sem eru á vinnumarkaði og ekki hafa náð að greiða lágmarksgjaldið til stéttarfélaganna fyrir árið 2004 að gera það fyrir 15. febrúar ætli þeir að viðhalda réttindum í félögunum. Lágmarksgjaldið er kr. 6.000,-

## Frá aðalfundi Starfsmannafélags Húsavíkur Óánægja með uppsagnir hjá Húsavíkurbæ

Aðalfundur Starfsmannafélags Húsavíkur var haldinn 3. desember s.l. og var vel sóttur af félagsmönnum. Á fundinum voru til umræðu væntanlegir kjarasamningar við ríki og bæ, en kjarasamningurinn við ríkið rann út um síðustu mánaðamót og kjarasamningur við Húsavíkurbæ og önnur sveitarfélög gildir til loka mars 2005.

Á fundinum var samþykkt ályktun þar sem mótmælt er uppsögnum sviðsstjóra hjá Húsavíkurbæ. Fundurinn harmar að ekki hafi verið haft samráð við starfsmenn eða

félagið vegna þessara uppsagna og telur þær stangast á við starfsmannastefnu sveitarfélagsins. Ákveðið var að fylgja málinu eftir og þess má geta að síðasta mánudag fundaði stjórn Starfsmannafélagsins með bæjarstjórn Húsavíkur um málið. Samkvæmt ársreikningum félagsins er staða félagsins góð.

Á fundinum var Stefán Stefáns-son endurkjörinn formaður félagsins. Aðrir stjórnarmenn voru kjörnir: Guðrún Kr. Magnúsdóttir, Ása Gísladóttir, Hjálmar Hjálmarsson og Rannveig Jónsdóttir.

AUGLÝSING

## Dagatöl

Hægt er að fá gefins mánaðardagatöl á Skrifstofu stéttarfélaganna fyrir árið 2005

Heimasíða stéttarfélaganna [www.vh.is](http://www.vh.is)  
sefur aldrei, alltaf ferskar og nýjar  
fréttir af starfsemi stéttarfélaganna.

Sjómenn athugið:

# Atkvæðagreiðsla um kjarasamninginn

Atkvæðagreiðslagreiðsla um nýgerðan kjarasamning Sjómanna-sambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna sem undirritaður var 30. október 2004 verður á Skrifstofu stéttarfélaganna frá 20. desember til 30. desember. Sjómenn sem eru félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur og starfa eftir kjarasamningnum geta komið

á þessum tíma og greitt atkvæði um samninginn. Þar er einnig hægt að nálgast samninginn. Til stendur að halda sérstakan fund um kjarasamninginn í desember. Þar sem ekki er vitað hvenær skipin verða í landi fyrir jólin hefur ekki verið hægt að tímasetja fundinn. Það verður gert fljótlega og verður þá fundurinn auglýstur sérstaklega.



Stéttarfélagin óska útgerð Björgu Jónsdóttur PH 321 innilega til bamingju með nýtt og glæsilegt skip.

## AUGLÝSING

### Fyrir neðan bakka og ofan



Saga verkalýðshreyfingar, atvinnulífs og stjórnmála er til sölu á Skrifstofu stéttarfélaganna á sérstöku tilboðsverði aðeins kr. 3.000,- Um er að ræða þrjú vönduð bindi í veglegri öskju. Fjöldmargar myndir prýða bindin og hefur ritverkið fengið góða dóma hjá gagnrýndum. Ritverk sem þetta á heima á hverju heimili í Þingeyjarsýslum. Um er að ræða veglega jóla-, afmælis eða tækifæringsgjöf.



Aðalfundur Heilbrigðisdeildar Verkalýðsfélags Húsavíkur var nýlega baldinn. Á fundinum var gerð grein fyrir starfsemi deildarinnar á umliðnu starfsári sem var öflugt enda kjarasamningar lausir og mikil vinna því í gangi í kjarasamningsgerð. Inga G. Sumarliðadóttir lét af formennsku í deildinni og Kristrún Sigtryggsdóttir var kjörin formaður í bennar stað. Um leið og Ingu eru þökkun vel unnin störf í þágu deildarinnar er Kristrún boðin velkomin til starfa.



## AUGLÝSING

### Sjómenn!

Aðalfundur Sjómannadeildar Verkalýðsfélags Húsavíkur verður haldinn þriðjudaginn 28. desember kl. 17:00 í fundarsal félagsins.

#### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarsstörf
2. Kjaramál
3. Önnur mál

Félagar! Mjög áriðandi er að sem flestir sjái sér fært að mæta á fundinn. Boðið verður upp á málsverð og léttar veitingar.

Verkalýðsfélag Húsavíkur



Ómar Vagnsson befur lengi sinnt Húsvíkum vel með því að birða frá þeim ruslið sem daglega fellur til hjá þeim. Hér er hann við störf og með bonum á myndinni eru tveir kraftmiklir ungir menn þeir Kristján Óskarsson og Birkir Óli Barkarson.

## Góð kjarabót



Nýlega var opnuð ný lágvörverslun á Húsavík sem leysir verslunina Strax af bólmí. Verslunin befur fengið nafnið Kasko. Ástæða er til að fagna sérstaklega opnun þessarar búðar sem er ein sú ódýrasta á landinu og því góð kjarabót fyrir launþega í Þingeyjarsýslum.



# Fjölsótt menntasmiðja

Menntasmiðja stéttarfélaganna og Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga hefur gengið vel og hefur þátttaka verið mjög góð og fjölmargir félagsmenn tekið þátt í þeim námskeiðum sem boðið hefur verið upp á. Þessi síða og hluti þeirrar næstu er helguð myndum úr Menntasmiðju stéttarfélaganna. Áhugi er fyrir því að halda áfram að bjóða upp á fjölbreytt námskeið fyrir félagsmenn og því eru allar ábendingar á námskeið velþegnar.





## Heimsókn í Fiskiðjusamlagið

Ljósmyndari Fréttabréfsins kom við í Fiskiðjusamlagi Húsavíkur og tók nokkrar myndir af starfsmönnum sem voru almennt í góðu stuði enda stutt til jóla. Mikil vinna hefur verið hjá fyrirtækinu og samkvæmt heimildum fréttabréfsins verður svo áfram næstu vikurnar.



*Pórður Adamsson.*



*Björk Breiðfjörð*



*Gunnþórunn Þórgrímsdóttir.*



*Kristján Hjaltalín.*



*Hér má sjá Hildi, Erlu og Bryndísi á Raufarböfn læra undir próf en þær eiga það sameiginlegt að stunda fjarnám við Frambaldsskólann á Húsavík.*



*Það er orðið mjög jólalegt á Raufarböfn eins og sjá má á myndinni.*

### AUGLÝSING

## Nýr geisladiskur!

Húsvíkinginn Elvar Bragason hefur gefið út hljómdisk með frumsömdu efni sem fengið hefur góða dóma. Diskurinn er til sölu hjá Elvari í Húsasmiðjunni á Húsavík.



# Jólabod stéttarfélaganna

18. Desember

Að venju verða stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum með opið hús í fundarsal stéttarfélaganna þann 18. desember n.k. frá kl. 14:00 til 19:00.

Boðið verður upp á rjúkandi kaffi og meðlæti.

Þess má geta að kl. 16:00 munu stéttarfélögin afhenda Hvammi og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga gjafir frá félögunum.

Félögin vilja sérstaklega bjóða Norður-Þingeyinga velkomna og hvetja þá sem leið eiga til Húsavíkur laugardaginn 18. desember að koma við og njóta veitinga í boði stéttarfélaganna.

Stéttarfélögin hafa undanfarin ár verið með opið hús í desember og hafa fjölmargir gestir komið við og þegið veitingar í boði stéttarfélaganna.



## Gefðu jólagjöf sem vex!

Framtíðarreikningur – óvenjuleg gjöf  
sem sker sig úr fyrir notagildi og endingu



- ★ Bestu vextir almennra innlánsreikninga bankans – 5,5%\*
- ★ Verðtryggður reikningur
- ★ Bundinn þar til barmið verður 18 ára
- ★ Auðvelt og þægilegt að spara reglulega
- ★ Framtíðarreikningur kemur í fallegri gjafaböskju
- ★ Flottur sparibankur fylgir með

Þú færð Framtíðarreikning í næsta útibúi



ÍSLANDBANKI



## Námsstyrkir til félagsmanna

Félagsmönnum í Verkalýðs- félagi Húsavíkur, Verkalýðsfélagi Þórshafnar og Verkalýðsfélagi Óxarfjarðar bjóðast styrkir til starfs- tengdra námskeiða. Styrkurinn getur numið allt að kr. 35.000 á ári til einstaklinga sem eru fullgildir félagsmenn. Félögin eru aðilar að fræðslusjóðunum Landsmennt og

Sjómennt sem gerir félögum kleift að greiða félagsmönnum þessa háu styrki. Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér þessa möguleika til niðurgreiðslu á námskeiðskostnaði. Frekari upplýsingar eru til staðar á Skrifstofu stéttarfélaganna.

## Til starfsmanna sveitarfélaga

### -breyting á framlagi í lífeyrissjóð um áramót

Frá 1. janúar 2005 breytist framlag starfsmanna sveitarfélaga og stofnana þeirra sem fá greidd laun eftir kjarasamningi Verkalýðsfélags Húsavíkur, Verkalýðsfélags Óxarfjarðar og Verkalýðsfélags Þórshafnar.

Framlag starfsmanna verður 5%

af heildarlaunum (var áður 6%) og mótfamlag launagreiðanda verður 10,5% (var áður 9%).

Munið að besta jólagjöfin er samningur um séreignarsamning, gjöf sem vex í framtíðinni.

Komið eða hringið á Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 464-6600.

## Námskeið fyrir iðnaðarmenn

Þingið hefur áhuga á að bjóða félagsmönnum upp á tvö námskeið í vetur í samstarfi við Menntafélag byggingamanna. Námskeiðin verða sennilega í febrúar eða mars. Tímasetning námskeiðanna verður auglýst síðar. Námskeiðin sem í boði verða eru annars vegar innanhúsklæðningar og hins vegar brunapéttingar. Á námskeiðinu Innanhúsklæðningar verður kynnt uppbygging innveggja og lofta. Farið í hljóð- og hitaeinangrun. Kynntar eldvarnarkröfur. Fjallað um votrymi, t.d. um frágang baðherbergja, þvottahúsa og eldhúsa. Kynntir kerfisveggir og kerfisloft.

Kynnt eru ýmis klæðingarefni til notkunar innanhúss. Námskeiðið tekur 20 stundir. Á Brunapéttingsnámskeiðinu verður fjallað um brunapéttingar í mannvirkjum. Hverjar eru kröfurnar? Kynnt er efni til brunapéttinga og innflytjendur munu sjá um kynninguna. Þetta er réttindanámskeið og lýkur með viðurkenningu frá Brunamálastofnun. Námskeiðið er eingöngu ætlað þeim sem hafa sveinspróf í löggildri iðngrein. Um er ræða 5 stunda námskeið. Námskeiðin verða betur auglýst síðar þegar fyrir liggur hvenær þau verða haldin.

### AUGLÝSING

## Minnisbækur

### -Pantið og fáíð hana senda í pósti

Skrifstofa stéttarfélaganna gefur út minnisbók við hver áramót. Minnisbókin 2004 kemur út 20. desember og eru áhugasamir félagsmenn hvattir til að ná sér í eintak á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þeir sem búa utan Húsavíkur geta pantað hana og fengið senda í pósti. Minnisbókinni er að venju dreift ókeypis til félagsmanna.

## Viltu upplifa hátíðarhöldin 1. maí?

Dagskrá hátíðarhaldanna á Húsavík 1. maí 2004 voru tekin upp á myndband. Þeir sem vilja upplifa hátíðina sem var sérlega glæsileg geta fengið spóluna lánaða endurgjaldslaut á Skrifstofu stéttarfélaganna.

## Fjölskylduvernd Sparisjóðsins



## 2.000.000 kr. líftrygging að gjöf

Til hamingju, ágætu Lífvalsfélagar! Viðskiptavinir á aldrinum 18-55 ára með viðbótarlífeyrisspamað hjá Sparisjóðnum fá 2.000.000 kr. líftryggingu án endurgjalds til 1. janúar 2006. Byrjaðu strax að tryggja fjárhagslegt öryggi fjölskyldunnar.

Þú getur gengið í Lífval og sótt um fjölskylduvernd á næsta afgreiðslustað eða á vefsíðu okkar [www.spar.is](http://www.spar.is)

Fjölskylduvernd Sparisjóðsins er rekin í samvinnu við Aðjónu líftryggingarfélagið.

  
SPARISJÓÐUR ÞÓRSHAFNAR  
OG NÁGRENNIS



### Kennarar og sjómenn

Í nýgerðum kjarasamningi kennara og sjómanna var samið um 2% mótframlag af heildarlaunum frá launagreiðanda í séreignarsjóð. Til að þessi kjarabót verði virk þurfa starfsmenn að gera samning við lífeyrissjóð (eða fjármálastofnanir) um séreignarsparnaðinn.

Við skorum á þig að skoða Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands (afgreiðsla hjá Skrifstofu stéttarfélaganna Húsavík sími 464-6600).

### 7% mótframlag og breytingar á framlagi í séreign

Sú breyting verður um áramót hjá flestum launþegum á almennum markaði, s.s. verkafólki, verslunarmönnum, iðnaðarmönnum og sjómönnum hækkað mótframlag launagreiðanda í tryggingardeildir lífeyrissjóðanna úr 6% í 7% af heildarlaunum. Starfsmenn greiða áfram 4% af heildarlaunum. Frá sama tíma fellur niður 1% mótframlag launagreiðanda í séreignarsjóð niður hjá þeim sem ekki voru með samning um séreignarsjóð. Áfram verða í gildi ákvæði um 2% mótframlag launagreiðanda í séreignarsjóð, gegn a.m.k. 2% framlagi starfsmanns.

Því geta þeir sem ekki hafa gert samning um séreignarsparnað við lífeyrissjóð (eða fjármálastofnun) hækkað laun sín um 2% með því að gera slíkan samning við t.d. séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands (afgreiðsla hjá Skrifstofu stéttarfélaganna Húsavík sími 464-6600).

Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands hefur skilað sjóðsfélögum mjög góðri ávöxtun á þessu ári og öll árin síðan séreignarsjóðurinn var stofnaður árið 1999. (sjá [www.ln.is](http://www.ln.is)). Á árinu 2003 var ávöxtunin 11-13% og á þessu ári (janúar – nóvember) er hún 16-19%.

Samningur um séreignarsparnað hjá Lífeyrissjóði Norðurlands skuldbindur þig ekki á neinn hátt, engar skuldbindingar eru um lántökur og enginn aukakostnaður ef þú kýst að hættast.

**Hjá Skrifstofu stéttarfélaganna Húsavík er hægt að gera samning um séreignarsparnað. Rétt er að hvetja alla til að gera þannig samning nú. Allar nánari upplýsingar og ráðgjöf er hjá Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 464-6600.**



Guðrún og Magdalena starfsstúlkur í Lóninu á Þórsböfn taka vel á móti viðskiptavinnum verslunarinnar.



Unnur Unnsteinsdóttir og Íris Baldvinsdóttir opnuðu í sumar veitingastaðin Eyrina á Þórsböfn ásamt tveimur öðrum. Þær bafa opið alla daga og eru bjartsýnar á rekstur staðarins.



Þessi mynd er tekin hjá GPG-Fiskverkun á Rauðarhöfn en þar hefur mikið verið að gera undanfarið.

# KASKO

## OPNUNARTÍMI

MÁNUDAGA - FIMMTUDAGA

KL. 11:45 - 18:30

FÖSTUDAGA KL. 10:00 - 19:00

LAUGARDAGA KL. 10:00 - 18:00

Kasko Húsavík • Garðarsbraut 5



# Merkilegri sögu lokið

Þann 29. nóvember 2004 lauk framleiðsla á kísilgúr úr Mývatni þegar gengið var frá síðasta pallinum af kísilgúr um leið og slökkt var á vélum verksmiðjunnar. Þar með lauk mjög merkilegu tímabili í sögu iðnaðar á Íslandi. Kísiliðjan hf. var stofnuð 13. ágúst 1966 með stofnsamningi íslenska ríkisins og bandaríska fyrirtækisins Johns-Manville Corporation. Upphaflega átti Ríkissjóður Íslands 51% eignarhlut, Manville 48,5% og sveitarfélag á svæðinu 0,5%. Síðar jók íslenska ríkið eignahlut sinn sem kominn var í tæp 60% á níunda áratugnum. Í upphafi skipaði Kísiliðjan sér í forystu um vinnslu og útflutning innlendrar jarðefna. Jafnframt var verksmiðjan fyrsti stórnotandi jarðgufu á Íslandi og hefur sömuleiðis verið einn stærsti jarðgufunotandi í heiminum. Allt frá upphafi hefur námuvinnsla úr Mývatni verið mjög umdeild sem án efa hefur haft nokkur áhrif á starfsemi fyrirtækisins á starfstíma þess.

tilraunavinnslu og margvíslegra erfiðleika sem endaði með því að framleiðsla á kísilgúr hófst í samræmi við gæðastaðla. Framleiðsla kísilgúrs er í stuttu máli fólgin í námi leðjunnar af botni Mývatns, hreinsun, þurrkun, glæðingu, mölun, flokkun og pökkun. Alls staðar annars staðar en við Mývatn er kísilgúr unninn úr námum, sem annaðhvort eru uppörnuð stöðuvötn eða sjávarbotn, sem risið hefur úr sæ. Fá vötn í heiminum hafa verið rannsökuð eins vel og Mývatn. Fjölmargar skýrslur hafa verið skrifaðar og gífurlegri þekkingu verið safnað saman um þetta einstaka vatn. Kísiliðjan hefur að hluta til komið að því að fjármagna þessar rannsóknir. Fyrsti farmurinn af kísilgúr fór í gegnum Húsavíkurhöfn 17. maí 1968. Á næstu árum voru gerðar umtalsverðar breytingar á verksmiðjunni til að auka framleiðslugetu hennar því sýnt þótti að auka þyrfti framleiðsluna svo hún stæði undir rekstri og afskriftum. Í

fyrir að hugmyndir hafi verið uppi á þessum tíma að taka endanlega ákvörðun um byggingu Kísilduftverksmiðju sumarið 2002 er sú ákvörðun orðin að engu þar sem Promeks var nýlega lýst gjaldþrota. Þegar skoðuð eru viðtöl við stjórnendur verksmiðjunnar og iðnaðarráðherra frá árinu 2001 má sjá að miklar væntingar voru gerðar til þeirra aðila sem keyptu Kísiliðjuna og ráðgerðu að reisa Kísilduftverksmiðju við Mývatn. Því miður standa menn frammi fyrir slæmum málum í dag, Kísiliðjan hefur hætt starfsemi og litlar sem engar líkur á að Kísilduftverksmiðja risi við Mývatn.

## Áfall sem takast verður á við

Í sögu Kísiliðjunnar hafa skipst á skín og skúrur í rekstarafkomu fyrirtækis en mestan hlutann hefur rekstur fyrirtækisins gengið vel og Kísiliðjan verið eftirsóknarverður vinnustaður. Nokkuð stór hluti starfsmanna hefur langan starfsaldur hjá fyrirtækinu, eða hátt í 40 ár. Ljóst er að lokun verksmiðjunnar er mikið áfall fyrir starfsfólk, Skútu- staðahrepp, nærliggjandi byggðir og þjóðarbúið í heild. Þá gætir áhrifa lokunarinnar víðar því

strandsiglingum á vegum Eimskips hefur nú verið hætt. Skútu- staðahreppur mun verða af miklum tekjum og þá mun Húsavíkurhöfn einnig tapa verulegum tekjum í formi hafnargjalda. Það sem er sárast í þessu máli er að með lokun verksmiðjunnar missa um 40 starfsmenn lífsviðurværi sitt og munu væntanlega flestir verða atvinnulausir þar sem aðeins litlum hluta starfsmanna hefur tekist að fá vinnu. Þá er ekki ólíklegt að til uppsagna kunnri að koma hjá fyrirtækjum sem byggt hafa starfsemi sína að hluta til á viðskiptum við Kísiliðjuna. Því miður hefur lítið borið á mótvægis- aðgerðum stjórnvalda í atvinnu- og byggðamálum á svæðinu þrátt fyrir stöðuna sem fjárfélag hefur verið um nokkurt skeið. Full ástæða er til að gagnrýna þessi vinnubrögð. Stéttarfélag starfsmanna telja fulla ástæðu til þess að ráðherra byggðamála setji þegar af stað starfshóp sem fjalli um og komi með tillögur um hvernig best sé að taka á þeim vanda sem skapast hefur á svæðinu við lokun verksmiðjunnar. Stéttarfélagin eru reiðubúin til að koma að þeirri vinnu. Að lokum vil ég þakka starfsmönnum og stjórnendum fyrirtækisins fyrir gott samstarf á þeim tíma sem ég hef gegnt formennsku í Verkalýðsfélagi Húsavíkur um leið og ég óska þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Ádalsteinn A. Baldursson



Mánafoss við bryggju á Húsavík í síðustu bringferð sinni um landið á sama tíma og Kísiliðjuni við Mývatn var lokað.

## Verksmiðjan þjóðhagslega hagkvæm

Verksmiðjan hefur alla tíð verið mjög þjóðhagslega hagkvæm, notað innlenda orkugjafa og nýtt innlend hráefni til vinnslu. Baldur Líndal efnaverkfræðingur varpaði fyrstur fram hugmynd um nýtingu botnlaga Mývatns. Hann ásamt öðrum íslenskum vísindamönnum vann ótulllega að framgangi málsins. Árið 1962 stóðu allir þingmenn Norðlandskjördæmis að tillögu á Alþingi um athugun á hagnýtingu kísilgúrs úr Mývatni. Sú forvinna sem átt hafði sér stað meðal vísindamanna og áhugi alþingismanna á málinu varð til þess að verksmiðjan var byggð. Hinn 28. október 1967 var verksmiðjan afhent eigendum tilbúin til tilraunavinnslu. Í hönd fór tími

upphafi var reiknað með um 12.000 tonna ársframleiðslu. Árið 1985 var hún komin í 29.388 tonn. Á síðustu árum hefur framleiðslan verið um 25-30 þúsund tonn á ári sem er í takt við eftirspurn á kísilgúr en um 99,9% af gúrnum hefur farið á erlenda markaði.

## Kísiliðjan seld – miklar væntingar

Í ársbyrjun 2001 gerðust söguleg tíðindi þegar ríkið ásamt Celite Corporation seldu Allied EFA eignarhlut sinn í Kísiliðjuni sem var 98,56%. Þar af var hlutur ríkisins 51%. Á þeim tíma var Allied EFA í eigu Eignarhaldsfélags Alþýðubankans og Allied Resource Corporation. Nýju aðilarnir stofnuðu dótturfélag, Promeks á Íslandi, um kaup á Kísiliðjuni og til að eiga þar og reka Kísilduftverksmiðju. Þrátt

# Orku- og stóriðjumál til umræðu

Verkalýðsfélag Húsavíkur stóð fyrir fundi um orku- og stóriðjumál við Skjálfanda í lok nóvember. Fundurinn var mjög góður og fékk frummælandinn, Hreinn Hjartarson veittustjóri, Orkuveitu Húsavíkur, margar fyrirspurnir sem hann svaraði eftir bestu getu. Líflegar umræður urðu um málið og töldu fundarmenn mikilvægt að Norðlendingar sameinuðust um að


orkufrekur iðnaður yrði staðsettur á Húsavík og færðu rök fyrir þeirri skoðun. Örylgur Hnefill Jónsson varapingmaður tók einnig þátt í fundinum en hann tók málið nýlega upp á Alþingi. Örylgur fékk hrós fyrir að taka málið upp á þingi og hvetja til þess að horft verði norður til Húsavíkur varðandi uppbyggingu orkufreks iðnaðar enda mikið til af óbeislaðri orku á svæðinu.



Hluti fundarmanna sem tók þátt í fundi sem Verkalýðsfélag Húsavíkur boðaði til um orku- og stóriðjumál við Skjálfanda.

# Mikil hækkun umfram verðlag

## Aldrei neikvæð ávöxtun



Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands var sett á laggimar í ársbyrjun 1999 og hefur árangur hennar reynst mjög góður. Boðið er upp á tvö söfn, Safn I og Safn II og á fyrstu tæplega 6 árum deildarinnar eða til loka október 2004, var raunhækkun 60,8% á Safni I og 74,1% á Safni II. Þetta eru hækkunar sem urðu á söfnunum umfram almennar verðlagshækkunar á þessum 70 mánuðum. Þetta er athyglisverður árangur, því eins og flestum er kunnugt voru fjármálamarkaðir mjög erfiðir á stórum hluta þessa tímabils. Eignir einstaklinga í þessum söfnum hafa hækkað jafnt og þétt milli ára og ársávöxtun **hefur aldrei orðið neikvæð** á þessum tíma. Mikilvægt er einnig að benda á að kostnaði er stillt í hóf við rekstur deildarinnar; aðeins 0,5% af inneign er árlega ráðstafað til greiðslu á öllum kostnaði. Mjög litlum fjármunum er varið til auglýsinga. Einstaklingum er bent á að spyrja alla vörsluaðila séreignarspamaðar nákvæmlega um þann kostnað sem þeir eru látnir bera. Einnig er nauðsynlegt að kynna sér vel hvemig staðið er að innheimtu iðgjalda í séreign því mikilvægt er að hún sé í föstum skorðum.



Strandgata 3 • 600 Akureyri • Sími 460-4500 • Fax 460-4501  
Tölvupóstur: ln@ln.is • Heimasíða: www.ln.is

[www.ln.is](http://www.ln.is)